

Maí 2021.

Reglur um styrki vegna hljóðvistar.

1. gr. Gildissvið.

Reglur þessar taka til styrkja vegna endurbóta á hljóðeinangrun glers í gluggum íbúðarhúsnæðis vegna umferðarhávaða.

2. gr. Styrkir.

Styrkveiting miðast við þátttöku í kostnaði skv. viðmiðunartöflu í grein þessari :

Sé hljóðstig 65dB(A) eða hærra er hægt að sækja um styrk. Fjárhæð styrksins miðast við pr. m² glers.

Hljóðstig	Fjárhæð styrks pr. m ² glers
65 – 67dB(A)	kr. 90.000.-
68 - 70 dB(A)	kr. 125.000.-
71 - 72dB(A)	kr. 180.000.-
73 > dB(A)	kr. 210.000.-

Fjárhæð styrks miðast við byggingarvísitölu í maí 2021, 153,7, stig. Upphæð er uppfærð einu sinni á ári skv. byggingarvísitölu.

3. gr. Útreikningar.

Miðað er við útreikninga umhverfissviðs Kópavogsbæjar, sbr. hljóðkort (kortlagning hljóðvistar) Arpíl. 2021, þegar metið er í hvaða flokk húsnæði/íbúð fellur undir. Miðað er við jafngildishljóðstig utan við húsvegg eða glugga íbúðar í samræmi við fyrirbyggjandi útreikninga hljóðkorts.

Úrbætur skulu ekki miðast við lægra hljóðstig en hljóðkort tilgreinir.

4. gr. Umsóknir.

Kópavogsbær auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki vegna hljóðeinangrandi endurbóta á íbúðarhúsnæði á þjónustugátt Kópavogsbæjar www.kopavogur.is. Umsóknir skulu berast 1. til 15. janúar ár hvert. Skal umsóknum skilað á skrifstofu umhverfissviðs á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á heimasíðunni. Veittir styrkir takmarkast af fjárveitingum skv. fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar hverju sinni. Þeir sem ekki hljóta afgreiðslu sama ár og umsókn berst þurfa ekki að sækja um aftur og hafa forgang við úthlutun næsta árs.

5. gr.

Skilgreining styrkja.

Styrkir eru veittir til endurbóta á hljóðeinangrun glers í gluggum útveggja. Veittur er styrkur í formi fastrar krónutölu pr. m² í gleri, sbr. töflu í 2.gr, á þeirri hlið húss sem snýr að umferðargötu. Sé reiknað hljóðstig á öðrum hliðum húss 65 dB(A) eða hærra er útskipting glers einnig styrkhæf.

6. gr.

Framkvæmd styrkveitinga.

Ferill umsókna um styrkveitingu verður með eftirfarandi hætti:

1. Kópavogsbær auglýsir eftir umsóknum um styrki á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is
2. Húseigandi, sendir umsókn á þar til gerðu eyðublaði, sem berst skrifstofu umhverfissviðs til yfirferðar. Umsókn vegna fjöleignarhúss skal berast frá stjórn húsfélags.
3. Tillaga umhverfissviðs að styrkveitingum hvers árs eru lagðar fyrir bæjarráð til samþykktar.
4. Umsækjandi fær tilkynningu um afgreiðslu styrkbeiðni og afgreiðslutíma styrks að lokinni framkvæmd.
5. Eigandi, eigendur eða fulltrúi þeirra tilkynnir um viðbrögð við styrkveitingu og staðfestingu um framkvæmdatíma.
6. Þegar framkvæmdum er lokið skal eigandi, eigendur eða fulltrúi þeirra tilkynna það skrifstofu umhverfissviðs ásamt staðfestingu glerframleiðanda og verktaka. Byggingarfulltrúi sér um úttekt á verkinu og tilkynnir skrifstofu umhverfissviðs um niðurstöðu sína. Ef byggingarfulltrúi metur framkvæmdina fullnægjandi er styrkur greiddur í samræmi við samþykka styrkbeiðni

Afgreiðsla umsókna er forgangsraðað eftir stigi hljóðstyrks, þ.e. þær umsóknir þar sem hljóðstig er hæst er afgreiddar fyrst. Þær umsóknir sem ekki fá afgreiðslu á því ári sem sótt er um færast yfir á næsta úthlutunartímabil og njóta þá forgangs, sbr. 4. gr.

7. gr.

Gildistími styrkveitingar.

Sé framkvæmd ekki hafin innan tveggja ára frá samþykkt styrkveitingar, fellur styrkveiting niður án tilkynningar.

8. gr.

Breytingar.

Breytingar, sem samþykktar kunna að verða á reglum þessum, hafa ekki áhrif á styrkveitingu til þeirra, sem áður hafa fengið jákvætt svar við styrkumsókn, sbr. þó 7. gr.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Kópavogs 20. maí 2021.